

## **257. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn fimmtudaginn 31. ágúst í félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli og hófst kl. 12:00.**

Mætt voru: Jón Valgeirsson, Anna Björg Nielsdóttir, Ari B. Thorarensen, Gunnar Egilsson og Ágúst Sigurðsson sem ritaði fundargerð í fjarveru Ástu Stefánsdóttur.

Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur, Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri Rangárþings eystra, Ágúst Ingi Ólafsson stjórnarformaður Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, Lilja Einarsdóttir oddviti Rangárþings eystra og Birkir A. Tómasson sveitarstjórnarmaður Rangárþingi eystra.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

### **1. Samantekt úr skoðunarferð sorpsamlaganna á suðvesturhorninu til Noregs og Svíþjóðar.**

Formaður greindi frá vel heppnaðri skoðunarferð um Skandinavíu og kynnti greinargóða skýrslu um ferðina.

### **2. Erindi vegna Kirkjuferjuháleigu.**

Trausti Þór Guðmundsson í Kirkjuferjuháleigu hefur lagt fram erindi í tveimur liðum. Annars vegar fyrirspurn varðandi vöktun frárennslis frá fyrrum urðunarsvæði og hins vegar varðandi frágang á námum á svæðinu.

Ákveðið að formaður hafi samband við Trausta Þór og fari yfir málið með honum.

### **3. Staða á viðræðum við SSH.**

Málið er áfram í vinnslu.

### **4. Aðalfundur SOS 19-20. okt. á Selfossi**

Aðalfundur SOS verður að venju haldinn í tengslum við SASS þingið sem að þessu sinni verður haldið á Selfossi. Ganga þarf frá dagskrá, skýrslu stjórnar, fjárhagsáætlun og öðrum gögnum fyrir fundinn. Mikilvægur liður á fundinum verður skýrsla Stefáns Gíslasonar. Senda þarf út gögn í byrjun október.

### **5. Rangárþing Eystra**

Ágúst Ingi Ólafsson stjórnarformaður Sorpstöðvar Rangárvallasýslu sagði frá því sem er helst á döfinni hjá stöðinni sem er sameiginleg fyrir öll sveitarfélögin í sýslunni. Samningar við verktaka um sorphirðu renna út í nóvember og ákveðið hefur verið að stöðin annist sorphirðuna sjálf næstu árin.

### **6. Greining úrgangsmála á starfssvæði SOS.**

Stefán Gíslason fór yfir stöðu málsins, kynnti skýrsluna sem nú nálgast það að vera komin í lokabúning. Eftir er að leggja lokahönd á niðurstöðukafla með tillögum.

**7. Önnur mál.**

Formaður greindi frá að starfsemi Orkugerðarinnar er komin af stað á ný. Einnig kom fram að verkfræðistofan Efla hefur hafið rannsókn sem gengur út á að meta gaslosun frá nokkrum urðunarstöðum á landinu m.a. í Kirkjuferjuháleigu.

BG kynnti stöðu mála vegna erindis frá Brú lífeyrissjóði og minnti á Sjálfbærnisráðstefnu sem haldin verður á Þingborg 7. september.

Stefnt er að næsta fundi þann 21 september n.k. kl. 13:00 í Þorlákshöfn.

**8. Skoðunarferð á Strönd.**

Farið var í skoðunarferð í höfuðstöðvar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd en uppbygging móttökustöðvarinnar er nú langt komin.

Fundi slitið um kl. 14:45

Jón G. Valgeirsson  
Gunnar Egilsson

Ari B. Thorarensen  
Ágúst Sigurðsson

Anna Björg Níelsdóttir